

REGLUGERÐ

um aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 2.-3. tölul. XI. hluta II. viðauka, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, með áorðnum breytingum.

2. gr.

Eftirtaldar EB-gerðir öðlast því gildi hér á landi, sbr. 1. gr.:

- a. Tilskipun ráðsins um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum nr. 72/276/EBE.
- b. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins nr. 72/276/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum nr. 79/76/EBE.
- c. Tilskipun ráðsins um breytingar á 2. hluta II. viðauka tilskipunar nr. 72/276/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum nr. 81/75/EBE.
- d. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar um breytingar á II. viðauka við tilskipun ráðsins nr. 72/276/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum nr. 87/184/EBE.
- e. Tilskipun ráðsins um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um magngreiningu textíltrefjablandna úr þremur efnum nr. 73/44/EBE.

3. gr.

EB-gerðir, sem vísað er til í 1. og 2. gr., eru birtar í sérriti, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 22. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1994.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Gunnar Viðar.

AUGLÝSING

um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskránumera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur og verðjöfnunargjald aldrei vera hærri en 46% af tollverði vöru í vöruliðum 1806 og 1901, og aldrei hærri en 37% af tollverði vöru í vörulið 1905.

Tollskrárnúmer	kr/kg	Tollskrárnúmer	kr/kg
1806.2009	56	1901.2018	6
1806.3101	61	1901.2019	5
1806.3109	61	1901.2022	44
1806.3202	56	1901.2029	57
1806.3203	25	1905.2000	38
1806.3209	25	1905.3011	17
1806.9002	21	1905.3019	19
1806.9003	58	1905.3021	38
1806.9005	63	1905.3029	23
1806.9006	58	1905.3030	14
1806.9007	56	1905.4000	19
1806.9009	56	1905.9011	47
1901.2012	26	1905.9019	6
1901.2013	20	1905.9020	5
1901.2014	49	1905.9040	44
1901.2015	14	1905.9090	57
1901.2016	19	2104.1003	4
1901.2017	47	2104.1004	4

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu verðjöfnunargjalds samkvæmt þessari auglýsingu og standa skil á því í ríkissjóð eftir fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir.

5. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 120. gr. A tollalaga nr. 55/1987, sbr. lög nr. 18/1993, gildir frá 1. maí til 31. júlí 1994. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 44/1994.

Fjármálaráðuneytið, 28. apríl 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.